

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík
mrn@mrn.is



Reykjavík 15. desember 2020

Umsögn um drög að reglugerð um vinnustaðanám.

Hinn 3. desember 2020 birti mennta- menningarmálaráðuneytið drög að reglugerð um vinnustaðanám á samráðsgátt stjórnvalda. Með nýrri reglugerð eru skólar gerðir ábyrgir fyrir því að iðnnámsnemandi komist í vinnustaðanám, nemendum er gert auðveldara að ljúka starfsþjálfun sinni óháð stöðu í atvinnulífinu og tímalengd vinnustaðanámssamnings látin miðast við hæfni nemenda en ekki fjölda vikna á vinnustað.

Samtökin telja afar ámælisvert að ekkert samráð var haft við faggreinar framreiðslu og matreiðslu við undirbúning reglugerðarinnar. Þá var heldur ekki haft samráð við starfsgreinaráð matvæla- veitinga- og ferðaþjónustugreina sem er fagleg tenging greinarinnar við menntamálaráðuneytið og er það mjög miður. Samráð um allar breytingar er gríðarlega mikilvægt ekki síst þegar um algera kerfisbreytingu er að ræða varðandi fyrirkomulag fagnáms bæði í tíma og rúmi. Til þess að ná fram ráðgerðum tillögum og breytingum þarf breitt samráð og samstöðu en slíkt var ekki til staðar í undirbúningi þess sem hér um ræðir.

Samtökin fara fram á að boðuð reglugerð verði dregin til baka og efni hennar kynnt og rætt á faglegum grundvelli með samráð að leiðarljósi. Í kjölfar slíks samráðs verði drög að reglugerðinni kynnt að nýju.

Samtökin telja afar mikilvægt að iðnmeistaraleiðin verði ávallt fyrsti kostur, sérstaklega í matreiðslu og framreiðslu. Í störfum matreiðslumanna og framreiðslumanna er annað fyrirkomulag á vinnutíma og starfsálagi en gengur og gerist í flestum öðrum iðngreinum. Þannig byggjast störf við veitingaþjónustu mikið á kvöld- og helgarvinnu sem mikilvægt er að kynna fyrir nemum snemma á skólagöngunni. Því er iðnmeistaraleið afar mikilvæg fyrir þann hóp sem velur matreiðslu- og framreiðslunám og mun skila betur undirbúnum fagmönnum inn í stéttina.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Baldur Sigmundsson'.

Baldur Sigmundsson, lögfræðingur

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Gunnar Valur Sveinsson'.

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri